

Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma:

17. fundur, föstudaginn 27. febrúar, kl. 9:30

í lðnaðarráðuneytinu, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Linda Árnadóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Stefán Arnórsson, Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu) og Tómas Þór Tómasson, sem skrifaði fundargerð. Auk þess sat fundinn Kartan Ólafsson, formaður faghóps 3.

Forföll: Unnur Brá Konráðsdóttir og Helga Barðadóttir (lðnaðarráðuneytinu),

Fundarfrásögn:

- Drög að lista yfir virkjunarkosti.** Megin efni fundarins voru ný drög að lista yfir virkjunarkosti sem faghópur 4 hefur unnið áfram frá síðasta fundi. M.a. hafði verið leitað upplýsinga og athugasemda frá orkufyrirtækjum. Í nýju drögunum eru um 45 jarðhitakostir og 35 vatnsaflskostir. Með fylgdu listar yfir 15 vatnsaflskosti sem líklega til munu falla út af lokalista og aðra 10 vatnsaflskosti sem nefndir hafa verið á ýmsum stigum rammaáætlunar án þess að vera hluti af lokalista. Guðni Jóhannesson kynnti listann sem drög sem unnið yrði með áfram. Á þessu stigi væri rétt að fá athugasemdir og álit verkefnisstjórnar.
- Athugasemd vegna faghóps 4.** Formaður gerði grein fyrir athugasemd sem borist hefði frá Rarik um mönnun faghóps 4. Formaður og Guðni munu hitta fulltrúa Rarik á næstunni og leita lausna.
- Hugtök.** Stefán gerði að umtalsefni notkun hugtaka og taldi hana stundum villandi. Kallaði eftir íslenskun á orðum yfir hugtök sem notuð eru í ensku. Hjörleifur benti á að eðlilegt væri að nota hugtök sem kæmu fyrir í lögum, t.d. „rannsóknarleyfi“.
- Athugasemdir við uppsetningu listans.**
 - Skipta jarðhitakostum milli svæða sem þegar eru vinnslusvæði og þeirra sem eru það ekki.
 - Gera betri lýsingu á svæðunum, m.a. hvort svæðunum hefur verið raskað eða ekki.
 - Staðsetja jarðhitasvæði á listunum eftir landshlutum.
 - Teikna upp ferli virkjanaframkvæmda gagnvart lögum, reglum og stjórnkerfi, frá fyrstu hugmyndum til byrjunar vinnslu. Slíkt yfirlit ætti heima á heimasíðunni.
- Athugasemdir við innihald listans.**
 - Markmið
 - Vísað var til skipunarbréfs þar sem fram komi hvert markmið vinnunnar sé: „Hvað á að vernda og hvar á að virkja?“
 - Mikilvægt að hafa í huga að rammaáætlun er aðeins fyrsta skrefið í löngu ferli um mat á virkjunarkostum: Á seinni stigum komi t.d. til umhverfismat, umfjöllun um skipulagsmál o.s.frv. „Ramminn“ á að vera ferli sem endurskoða skal reglulega, t.d. á 5 ára fresti. „Erum ekki að taka ákvörðun fyrir næstu 100 ár!“

- b. Fjöldi svæða og gögn.
- i. Skv. listanum er um að ræða ca 80 kosti á 40-50 svæðum. Um sum svæðin eru til takmörkuð gögn og upplýsingar. Fyrir dyrum stendur mikil vinna og halda má mjög vel á spilum svo takast megi að skila niðurstöðum fyrir áramót. Flestir sem tjáðu sig um fjölda svæða töldu rétt að taka sem flest svæði með í matsferlið og ekki eingöngu þau svæði sem raforkufyrirtækin sýndu áhuga. Minnt var á norsku leiðina um flokkana þrjá og talið að í því ljósi ætti að taka með alla nefnda kosti. Formaður faghóps 3 lýsti þeirri skoðun að „fyrir okkur er mikilvægt að sem flest sé undir. Það gefi t.d. samanburð milli svæða.“
 - ii. Þó var spurt af hverju væru t.d. Geysir og Gullfoss með í mati? „Er ástæða til að eyða dýrmætum tíma í að skoða kosti sem allir eru sammála um að eigi vernda?“ Fram kom það sjónarmið að með þeim „áttum við okkur á því hvar sársaukamörkin liggja. ... Hvar ættum við annars að draga línuna um hvað eigi að vera innan mats og hvað utan?“
 - iii. Borin var upp hugmynd um að þau háhitasvæði sem þegar hafa verið virkjuð verði á öðrum lista en þau sem eru óvirkjuð. Auk þess að tryggja bæri áherslu á sjálfbærni jarðvarmavinnslunnar. Önnur rödd lagði áherslu á að háhitasvæði sem virkjuð hafa verið verði áfram vinnslusvæði því reynslan skeri úr um hvort hægt sé að virkja þau frekar.
- c. Tilfinningagildi.
- i. Sum svæðin hafa mikið tilfinningalegt gildi sem er „óskaplega mikilvæg vídd“. Hins vegar eru ekki tiltæk töl til að mæla mikilvægið. Mikil áhersla er lögð á að meta svæðin á hlutlægan og „objektívan“ hátt en landslagvíddin vill verða útundan. Úr þessu þarf að bæta en til þess þarf að kalla til fleiri aðila en fámennan faghóp.
 - ii. Rætt var um nálgun mats á einstökum svæðum. M.a. var áhersla lögð á að nálgun ætti jöfnum höndum að líta til verndunar og vinnslu. „Okkar mat ætti að miðast við svæðin sem slík, líta jöfnum höndum til vinnslu, friðunar og sjálfbærni, en slá af þrönga nálgun um vinnslu.“ Bent var á að ekkert orkufyrirtæki færi inn á nýtt svæði til leitar að jarðvarmaorku nema hafa ádrátt um áframhald ef leitin beri árangur. Í húfi væru of miklir fjármunir ef ekki væri gefið að vinnsla yrði leyfð ef leitin gengi vel.
 - iii. Fram kom hugmynd um að bæta við faghópi – eða undirhópi – er fjallaði um verkefnið undir formerkjum bókmennta, lista, heimspeki, ímyndar og tilfinninga.
 - iv. Í umræðum um mat á landslagi var bent á málþing Landverndar og Hagfræðistofnunar HÍ um verðmæti landslags. Einnig var vísað á skýrslu um málefnið frá OECD.
- d. Gögn og heimildir.
- i. Fram kom að matið veltur á gæðum og magni gagna. „Þar standa orkufyrirtækin frammar öðrum hagsmunaaðilum. Þau hafa yfirburði hvað varðar fjármagn og mannafla. „

- ii. Aðrir tóku undir að gögn væru mis góð en stjórnin þyrfti að halda vinnunni áfram og byggja á þeim gögnum sem tiltæk eru og vera um leið meðvituð um „göt“.
 - e. Tímaramminn.
 - i. Umræður um að tímarammi vinnunnar væri þröngur. „Megum ekki láta tímaleysið hafa áhrif á vinnuna“ og rík ástæða er til að halda tímafrestinn. Skammur tímarammi getur kallað á einfaldari aðferðir en ávallt miðað við að matsferlið verði faglegt.
 - ii. Formaður minnti á að hvernig sem tímafresturinn kæmi til með að þróast verða það stjórnámalmenn sem á endanum „stimpla pappírinn“. Þeir geta breytt út frá tillögum hópans.
6. **Samþykkt lista.** Formaður lagði fram tillögu um að framlagður listi yfir virkjunarkosti yrði samþykktur með fyrirvörum og listinn yrði unninn áfram m.a. með tilliti til þeirra athugasemda sem fram hefðu komið. Var tillagan samþykkt.
7. **Heimasíðan.** Starfsmaður gerði stutta grein fyrir heimasíðunni, m.a. lokuðu vinnusvæði sem verður gagnavettvangur starfsins. Rætt var stuttlega um kynningu á vefsíðunni þar sem megináherslan verður á fréttatilkynningar, leitarvélar á netinu og tilvísanir/krækjur frá öðrum heimasíðum. Starfsmaður gat um helstu samstarfsaðila í þessum efnum (þ.á.m. iðnaðar- og umhverfissráðuneytið, orkufyrirtæki, náttúruverndarsamtök og gesti á samráðsfundum) en fundarmenn bentu auk þess á fleiri leiðir.
8. **Önnur mál.** Anna Sverrisdóttir lagði fram eftirfarandi ályktun frá faghópi 2:

Mikill skortur er á þekkingu á ýmsum þáttum ferðaþjónustunnar og hlunninda sem gerir faghópi 2 erfitt fyrir með að sinna hlutverki sínu við mat á áhrifum virkjana á þessa þætti. Hópurinn telur því æskilegt að auka þekkingu á þeim viðföngum sem hópnum er ætlað að leggja mat á og óskar eftir því að úr því verði bætt. Í ljósi þessa vill hópurinn leggja áherslu á að skoða verður niðurstöður hópans m.t.t. þeirra takmarkana sem fyrirliggjandi gögn og tímarammi setja matsferlinu.
9. **Næsti fundur:** Formaður upplýsti að næsti fundur verkefnisstjórnar, sem haldinn verður 27. mars, verði helgaður landslagi. M.a. verður leitað eftir að fá í heimsókn tvo meistaraprófsnemendur frá HÍ sem fjölluðu um málefnið í lokaverkefnum sínum. Þóra tók að sér að nefna hugmyndina við nemendurna. Kristín Huld lagði til að einnig yrði fjallað um menningarlandslag og bað formaður Kristínu um að kynna þau gögn sem tiltæk eru.